

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi hluta jarðarinnar
Deildartungu í Reykholtisdalshreppi ásamt jarðhitaréttindum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi:

Landsspildu úr landi Deildartungu, ásamt jarðhitaréttindum, þinglesna eign Sigurbjargar Björnsdóttur (Deildartunguhver).

Lega lands þess, sem taka skal eignarnámi, svo og mörk þess, eru sýnd á uppdrætti, sem fylgir lögum þessum og er hluti þeirra.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins og ákvörðun bóta skal farið eftir ákvæðum laga um framkvæmd eignarnáms.

Verði reist jarðhitastöð á hinu eignarnumda landi skuldbindur eignarnemi sig til að láta eignarnámspola í té við stöðvarvegg samtals 10 l/sek. af vatni úr hvernum án endurgjalds.

3. gr.

Þegar eignarnemi hefur tekið við hinu eignarnumda er ríkissjóði heimilt að afhenda Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar hin eignarnumdu verðmæti til afnota eftir því sem almenningsþörf krefur og um semst, og verði þá m. a. höfð hliðsjón af hagsmunum íbúa Reykholtisdalshrepps.

Hitaveita Akraness og Borgarness greiði ríkissjóði eignarnámsbætur og allan kostnað hans af aðgerðum þessum.

4. gr.


Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hjörleifur Guttormsson.




SKÝRINGAR

- LANDSVEÐI, SEM TAKA SKAL EIGNARNÁMI
- MIDLÍNA FYRIRHUGADRAR ADKOMU
- LANDAMERKI
- ● YFIRBORÐSJARÐHITI
- 20 MÆLDUR PUNKTUR
- AFBREÐSLUSVEÐI
- ▤ FLAI
- ⊕ BORHOLA
- ▨ FRAMRÆSLUSKURÐUR
- VEGSLÓÐI
- H— HITAVEITUPÍPA
- T— TALSÍMI
- |— HÁSPENNULÍNA STAUR OG STAG
- GIRDING
- ▨ STEINHÚS
- ▨ TIMBURHÚS
- ▨ GRÓÐURHÚS

HNITASKRA

REIKNAD Í HNITAKERFI ÍSLANDS FRÁ 1974

EIGNARNAMSSVEÐI		LANDAMERKI		ÝMSAR GIRDINGAR				
231	62789.000	66937.000	141	62799.120	57117.729	9	62731.467	66985.09
232	62789.000	66805.000	143	62734.305	67094.427	12	62828.662	66904.96
233	62907.000	66805.000	184	62645.938	66806.472	13	62838.353	66935.39
234	62907.000	66955.000	203	62863.688	67029.410	16	62839.254	66942.66
235	62839.630	66955.000	204	62526.647	67015.288	69	62503.325	66880.54
236	62839.000	66937.000	205	62968.444	66929.163	104	62535.336	67353.81
			228	62792.775	67028.098	211	62927.326	66884.82
			237	63042.607	67123.124	213	62904.233	66934.92
			238	62901.047	67074.847	214	62885.100	66923.31
			239	62888.743	67075.322	215	62895.174	66956.13
			240	62900.946	67133.776	224	62886.927	66878.10
						225	62893.102	66866.56
						226	62910.680	66856.37
MIDLÍNA ADKOMU								
131	62551.302	67965.191						
146	62703.797	67077.116						
147	62721.653	66987.159						
185	62742.339	66925.028						
187	62918.218	66902.224						



		HNIT H.F.	
		VERKFRÆÐISTOFA	
		SÍÐUMULA 34	SÁM B 47 55
BR NR/DAGS BREYTING		MELKV. <small>1979</small>	
DEILDARTUNGUHVER		MELT. Gr. J./J.R.B./J.H.	DAGS. MAÍ 1979
		REIKN. Gr. J.	T.NR. 15-47
		TEIKN. A.B./B.J.	M-1
		SAMP.	